

A small, solid red horizontal bar is positioned above the title text.

Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á
Íslandi
Skýrsla starfshóps um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf
Maí 2015

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Framtíðarsýn fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi árið 2024....	1
3.	Náms- og starfsráðgjöf alla ævi	1
4.	Þróun starfsferils alla ævi.....	1
5.	Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf	1
6.	Uppbygging og þróun þjónustunnar	1
6.	Samstarf	1

Viðauki I: Fjórar sviðsmyndir á stefnumótunarfundi.

Viðauki II: Ákvæði í lögum er varða náms- og starfsráðgjafa.

Viðauki III: Tilvísanir.

Viðauki IV: Rannsóknir og skýrslur.

1. Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði starfshóp um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í maí 2014. Í starfshópnum sitja fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hlutverk starfshópsins er að gera tillögur um framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi í samstarfi við helstu hagsmunaaðila og einnig að gera tillögur um uppbyggingu stoðkerfis fyrir ævilanga náms- og starfsráðgjöf.

Í nýlegri *Hvítbók um umbætur í menntun* er stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf nefnd og að móta eigi heildstæða stefnu og sammælast um framtíðarverkefni. Þar er einnig talað um hlutverk náms- og starfsráðgjafa og um mögulegar aðgerðir sem tengjast brotthvarfi en þær eru nátengdar vinnu náms- og starfsráðgjafa, skimun fyrir áhættuþáttum brotthvarfs og að þeir sem hafa horfið frá námi fái ráðgjöf og úrræði.

Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur um framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi í samstarfi við hagsmunaaðila og einnig að gera tillögur um uppbyggingu stoðkerfis fyrir ævilanga náms- og starfsráðgjöf. Stuðst var við vinnu sem fram fer í Evrópsku samstarfsneti um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf (e. European Lifelong Guidance Policy Network, ELGPN, www.elgpn.eu) en víða í Evrópu er verið að þróa stefnu í náms- og starfsráðgjöf.

Undanfarin ár hefur Alþingi **lögfest ýmis ákvæði er varða náms- og starfsráðgjöf.**

- Í lögum um grunn- og framhaldsskóla frá árinu 2008 stendur að nemendur eigi rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af til þess bærum sérfræðingum (sbr. 13. gr. laga nr. 91/2008 og 37. gr. laga nr. 92/2008).
- Í lögum um náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2009 er starfsheitið náms- og starfsráðgjafi lögverndað (sbr. 1. gr. laga nr. 35/2009).
- Í lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 er kveðið á um að þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga um framhaldsfræðslu standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf (sbr. 8. gr. laga nr. 27/2010).
- Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir frá árinu 2006 er kveðið á um að atvinnuleitendum skuli standa til boða viðeigandi aðstoð til að verða virkir

þátttakendur á vinnumarkaði. Þjónusta ráðgjafa Vinnumálastofnunar, sem sér um framkvæmd laganna, skal vera einstaklingsbundin og taka mið af þörfum atvinnuleitanda (sbr. 11. gr. laga nr. 55/2006).

Þessi nýlegu ákvæði um náms- og starfsráðgjöf í íslenskum lögum og breyttar aðstæður á vinnumarkaði kalla á stefnu og ramma um málaflokkinn. Breytingar á vinnumarkaði og þróun síðustu ára hefur gert það að verkum að val á námi og störfum er flóknara ferli en áður. Náms- og starfsráðgjöf gegnir lykilhlutverki í þessum breyttu aðstæðum þar sem mikilvægt er fyrir ungt fólk að taka vel ígrundaðar ákvarðanir og fyrir fólk á vinnumarkaði að geta leitað að upplýsingum um nám og störf hvar og hvenær sem er.

Brotthvarf er vandamál í íslensku skólakerfi og samkvæmt tölum frá OECD er það um 30% sem er mun hærra en annars staðar á Norðurlöndunum og í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Samkvæmt rannsóknnum er náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla liður í því að lækka þessa tölu.¹

Eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðið fólk hefur aukist síðustu ár og þá sérstaklega við breyttar aðstæður á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, símenntunarstöðvar víða um land og Vinnumálastofnun sinna sérstaklega þessum hópi fullorðinna. Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020 og í ljósi þessa er mikilvægt að upplýsingar um nám og störf séu aðgengilegar, sem og þjónusta náms- og starfsráðgjafa.

Haldnir voru fimm vinnufundir starfshóps sem í sátu:

- Guðrún Birna Kjartansdóttir, verkefnisstjóri og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis,
- Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins,
- Arnar Þorsteinsson, náms- og starfsráðgjafi frá Iðunni fræðslusetri,
- Hanna Dóra Másdóttir, viðskiptafræðingur, fjárlög og árangursstjórnun frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti,
- Helga Helgadóttir, náms- og starfsráðgjafi frá Félagi náms- og starfsráðgjafa,

¹ ELGPN (2014b).

- Ketill G. Jósefsson, náms- og starfsráðgjafi frá Vinnumálastofnun,
- Margrét Linda Ásgrímsdóttir, náms- og starfsráðgjafi frá Vinnumálastofnun.

Einn vinnufundur var haldinn með Dr. Raimo Vuorinen, framkvæmdastjóra ELGPN og sérfræðings um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins leiddi vinnu starfshópsins með ráðgjöfum Capacent.

Unnin var greining á innra og ytra umhverfi og almennt mat lagt á stöðu náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Gerðar voru fjórar sviðsmyndir byggðar á greiningunni og áherslum Evrópska samstarfsnetsins ELGPN.

Stefnumótunarfundur um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi fór fram 28. nóvember 2014 á Hótel Sögu. Markmið verkefnisins var:

- Að móta framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi.
- Að kalla eftir sjónarmiðum og mati ólíkra hópa sem hafa hagsmuni og tengingar við viðfangsefnið.
- Að kynna stöðumat og fjalla um sjónarmið á stefnumótunarfundi.
- Að vinna stefnumótandi áætlun um framtíðarsýn, helstu markmið og leiðir til þess að koma stefnunni í framkvæmd.

Menntamálaráðherra opnaði stefnumótunarfundinn með ávarpi og þá flutti framangreindur Dr. Raimo Vuorinen stutt innlegg á fundinum.

Vinnulag á stefnumótunarfundinum

Á fundinum var unnið út frá fjórum sviðsmyndum þar sem gert var ráð fyrir að síðla árs 2024 yrði staða náms- og starfsráðgjafar á Íslandi framúrskarandi. Sviðsmyndunum, sem birtast í viðauka I við skjalið, var ætlað að ýta undir og hvetja til framsækni og kalla fram sýn og áherslur. Verkefni fundarmanna var að ræða hvað þeir teldu að þyrfti að gerast til að sviðsmyndirnar yrðu að veruleika.

Þátttakendum var skipt niður á borð og var umræðan á hverju borði leidd af borðstjóra sem vann á grunni handrits eftir leiðsögn frá ráðgjafa Capacent. Lögð var áhersla á að borðstjórar styddu við ferlið og var handritið nýtt til þess að tryggja samræmt verklag, tryggja tímasetningar og að hvert borð afgreiddi frá sér fimm tillögur sem brýnast væri að vinna að til að efla náms- og starfsráðgjöf í landinu og fimm tillögur að verkefnum sem væru áhugaverð en ekki til nánari útfærslu á fundinum. Hvert borð skilaði greinargerð þar sem fimm verkefnum í forgangi var lýst.

Að vinnufundi loknum hófu ráðgjafar Capacent úrvinnslu þar sem leitað var að samhljómi. Fyrst var leitað flokka og skyldar tillögur að verkefnum voru sameinaðar. Þá voru sett markmið fyrir hvern flokk og svo tillögur til úrbóta. Að þessari vinnu lokinni voru sett fram drög að framtíðarsýn sem byggir á markmiðum og úrbótum.

Þetta skjal er hugsað sem grunnur að framtíðarsýn náms- og starfsráðgjafar, með markmiðum og aðgerðum um það hvernig náms- og starfsráðgjöf verði best hagað í framtíðinni með hagsmuni notenda að leiðarljósi og sett fram til eigenda verkefnisins til frekari úrvinnslu.

Framtíðarsýn 2024



2. Framtíðarsýn fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi árið 2024

Framtíðarsýn fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi árið 2024 byggir á fimm meginþáttum. Þeir eru:

- Náms- og starfsráðgjöf alla ævi. Náms- og starfsráðgjöf styður jafnt við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina og atvinnulífs í ljósi breyttra atvinnuhátta. Áhersla er lögð á gæði ráðgjafar og fræðslu, lágmarkun brotthvarfs og aukna atvinnuþátttöku. Samfella er í þjónustunni sem veitt er þvert á skólastig og atvinnulífið. Fjármunum er ráðstafað á skilvirkan hátt í nánú samstarfi ólíkra aðila.
- Þróun starfsferils alla ævi. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er markviss og skilvirk í þágu einstaklinga og atvinnulífs. Vinnumarkaður tekur þátt í virku samstarfi með upplýsingagjöf, starfskynningum og fræðslu. Leikni einstaklinga við stjórnun náms- og starfsferils alla starfsævina er aukin með skýrum og afmörkuðum verkefnum bæði í atvinnulífi og skóla. Náms- og starfsráðgjöf er fléttuð inn í kennslu frá grunnskóla til framhaldsskóla, á vettvangi framhaldsfræðslu og í ráðgjöf til háskólanema og atvinnuleitenda.
- Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjöf er sniðin að þörfum einstaklinga, óháð búsetu, og þörfum hópa með sértækar þarfir er mætt. Þjónustan er aðgengileg öllum sem á þurfa að halda í formi upplýsingaveitu um nám og störf auk rafrænnar ráðgjafar. Einstaklingar og hópar eru upplýstir um framboð þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Samspil raunfærnimats ásamt náms- og starfsráðgjöf hefur aukið möguleika einstaklinga á vinnumarkaði.
- Uppbygging og þróun þjónustunnar. Gæðakerfi náms- og starfsráðgjafar er til staðar til eflingar árangurs og gæða þjónustunnar. Öflugar hagnýtar rannsóknir eru unnar og starfsþróun náms- og starfsráðgjafa er markviss. Þjónustan er veitt á grundvelli mats á þróun á vinnumarkaði, þörfum atvinnulífsins og þarfagreiningar meðal ólíkra hópa.
- Samstarf. Náms- og starfsráðgjöf er í stöðugri í þróun í gegnum gagnvirkt samtal notenda og veitenda þjónustunnar. Öflug samvinna er milli stjórnsýslu, menntastofnana, Vinnumálastofnunar og atvinnulífs. Markmiðum, leiðum og þjónustuviðmiðum um náms- og starfsráðgjöf er lýst í aðgerðaáætlun sem er í stöðugri þróun.

Í næstu fimm köflum hér á eftir eru nokkur markmið skilgreind ásamt leiðum eða aðgerðum til að ná þeim. Jafnframt eru taldir upp aðilar sem þurfa að koma að hverjum efnisflokki.

Fyrsti hluti heitir *Náms- og starfsráðgjöf alla ævi* og fjallar um stuðning við starfsþróun einstaklinga, lágmarkun brotthvarfs og aukna atvinnuþátttöku, samfella og skilvirkni í þjónustu. Annar hlutinn heitir *Þróun starfsferils alla ævi* og fjallar um leikni í stjórnun starfsferils alla starfsævina í samstarfi við atvinnulíf og skólakerfi. Þriðji hlutinn fjallar um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, rafræna upplýsingaveitu sem tryggir aðgengi óháð búsetu og samspil við raunfærnimat. Fjórdi hlutinn fjallar um uppbyggingu og þróun þjónustunnar, gæðakerfi, rannsóknir og starfsþróun. Fimmti hlutinn fjallar um samstarf aðila stjórnsýslu, menntastofnana og atvinnulífs, auk aðgerðaáætlunar sem sætir stöðugri endurskoðun.

Meginþættir í framtíðarsýn:



Að tryggja árangursríka náms- og starfsráðgjöf

Vísbendingar eru um nokkur lykilatriði sem einkenna árangursríka stefnu og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar. Rannsóknir sbr. viðauka III og IV gefa sérstaklega til kynna að náms- og starfsráðgjöf hafi áhrif á einstaklinginn, styðji við nám og framfarir og tryggi gæði. Á vegum Evrópska samstarfsnetsins ELGPN hafa verið sett fram tíu gagnreynd atriði í þessu sambandi.

Tíu gagnreynd einkenni árangursríkrar náms- og starfsráðgjafar

Einstaklingurinn
Náms- og starfsráðgjöf er áhrifaríkust þegar hún er: 1) framsækin og raunverulega í boði fyrir öll æviskeið, 2) sett í samhengi við reynslu og umhverfi einstaklings sem nýtur ráðgjafar, 3) einstaklingsmiðuð og sinnir þörfum hvers og eins.
Styður við nám og framfarir
4) Náms- og starfsráðgjöf byggist ekki á einni aðkomu heldur samfelldri þjónustu og er áhrifaríkust þegar fjölbreyttri nálgun er beitt. 5) Eitt meginmarkmiða náms- og starfsráðgjafar er bætt færni í stjórnun eigin starfsferils. 6) Heildarsamhengi og samþætting við aðra stoðþjónustu er mikilvæg í náms- og starfsráðgjöf. 7) Vinnumarkaður og starfskynningar eru mikilvægur hluti náms- og starfsráðgjafar.
Trygging á gæðum
8) Hæfni, þjálfun og viðhorf náms- og starfsráðgjafa eru veigamiklir þættir til árangurs. 9) Náms- og starfsráðgjöf er háð áreiðanlegum upplýsingum um nám og störf. 10) Gæðaviðmið og reglubundið mat á náms- og starfsráðgjöf styður við framfarir og þróun þjónustunnar.

Heimild: ELGPN (2014).

3. Náms- og starfsráðgjöf alla ævi

Framtíðarsýn um náms- og starfsráðgjöf alla ævi

Náms- og starfsráðgjöf styður jafnt við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina og helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á gæði ráðgjafar og fræðslu, lágmörkun brotthvarfs og aukna atvinnuþátttöku. Samfella er í þjónustunni sem veitt er þvert á skólastig og atvinnulífið. Fjármunum er ráðstafað á skilvirknan hátt í nánu samstarfi ólíkra aðila.

Markmið:

Að ráðuneyti, stofnanir ríkisins, sveitarfélögin og atvinnulífið vinni í sameiningu að því að þróa, útfæra og fjármagna náms- og starfsráðgjöf er styður við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina og þróun atvinnulífs vegna breyttra atvinnuhátta.

Að náð verði fram frekari skilvirkni í ráðstöfun þeirra fjármuna sem til staðar eru á hverjum tíma með því að sameina krafta eftir því sem unnt er og þróa viðeigandi náms- og starfsráðgjöf alla starfsævina.

Að í áföngum verði komið á samstarfsvettvangi ráðuneyta, stofnana ríkisins, sveitarfélaga og atvinnulífsins þar sem áhersla verði lögð á samvinnu og upplýsingagjöf þvert á skólastig og atvinnulífið.

Að sér- og fagþekking á sviði náms- og starfsráðgjafar skili sér inn í menntakerfið og til atvinnulífsins, að upplýsingagjöf frá atvinnulífi eigi greiða leið til náms- og starfsráðgjafa, að gæði og samfella þjónustunnar sé eflað sem hluti aðgerða gegn brotthvarfi úr skólum og fyrir aukinni atvinnuþátttöku.

Leiðir/Aðgerðir:

- Stefna og fjármagn. Stefna til framtíðar þarf að byggja á sameiginlegri framtíðarsýn ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs, skýrri verkaskiptingu og tryggri fjármögnun.
- Samhæfing náms- og starfsráðgjafar. Til að tryggja faglega framkvæmd er lagt til að komið verði á fót í áföngum einhvers konar vettvangi eða miðstöð náms- og starfsráðgjafar sem verði falið að hafa samræmingarhlutverk og fylgjast með að gæði þjónustu séu tryggð. Mikilvægt er að sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings, og að upplýsingagjöf frá atvinnulífi eigi greiða leið til

náms- og starfsráðgjafa. Innan miðstöðvarinnar starfi náms- og starfsráðgjafar í nánu samstarfi við alla aðila að mótun markmiða og frekari þróun náms- og starfsráðgjafar. Samstillt átak og samstaða ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs er forsenda þess að miðstöð sem þessi líti dagsins ljós.

- Samfella og samlegð í náms- og starfsráðgjöf. Áhersla verði á aðgengi, samfellu og samlegð í náms- og starfsráðgjöf með það að markmiði að draga úr brotthvarfi og styðja við atvinnuþátttöku. Með auknu aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og miðlægum upplýsingum um nám og störf verði hægt að skerpa á markmiðum og leiðum einstaklinga, finna hæfileikum og styrkleikum farveg og auka tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Lögð verði áhersla á notkun á vef- og upplýsingatækni til miðlunar upplýsinga, bæði til notenda og veitenda þjónustu. Þannig skapast jafnframt aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði náms- og starfsráðgjafar.
- Náms- og starfsfræðsla ungs fólks. Starfið verði samhæft á öllum skólastigum með ákveðnum stíganda. Áhersla verði lögð á markvissar upplýsingar og tengingu við atvinnulífið og fjölbreytni á vinnumarkaði, t.d. með kynningu á iðn- og starfsnámi. Beitt verði fjölbreyttri nálgun, unnið með áhuga, hæfileika og styrkleika notenda, áhugasviðskannanir nýttar eftir þörfum og styrkleikar dregnir fram í samtölum og gátlistum beitt sem einni af mögulegum aðferðum til að tengja upplýsingar frá atvinnulífi inn í menntakerfið o.s.frv.
- Eftirfylgni á framhaldsskólastigi. Sem liður í eftirfylgni sé að haft verði samband við nemendur sem horfið hafa úr námi. Skipulega verði bent á alla möguleika. Þjónusta náms- og starfsráðgjafar verði í samstarfi við aðra stoðþjónustu eins og mögulegt er.
- Samstillt átak ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs er mikilvæg forsenda þess að ákvæði laga um tilskilda menntun og fagþekkingu haldist í fullri framkvæmd, með velferð einstaklinga og hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Ábyrgðaraðilar: mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: stofnanir ríkisins og aðilar vinnumarkaðarins.

4. Þróun starfsferils alla ævi

Framtíðarsýn um þróun starfsferils alla ævi

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er markviss og skilvirk í þágu einstaklinga og atvinnulífs. Vinnumarkaður tekur þátt í virku samstarfi með upplýsingagjöf, starfskynningum og fræðslu. Leikni einstaklinga við stjórnun náms- og starfsferils alla starfsævina er aukin með skýrum og afmörkuðum verkefnum bæði í atvinnulífi og skóla. Náms- og starfsráðgjöf er fléttuð inn í kennslu frá grunnskóla til framhaldsskóla, á vettvangi framhaldsfræðslu og í ráðgjöf til háskólanema og atvinnuleitenda.

Markmið:

Að unnið verði að skýrum og afmörkuðum verkefnum við að auka leikni einstaklinga við stjórnun náms- og starfsferils bæði í skólum og atvinnulífi.

Að öflugt samstarf aðila sem sinna ráðgjöf við fullorðna verði nýtt við þróun starfsferils alla ævi.

Að hugað verði að því að lögboðinni þjónustu náms- og starfsráðgjafa sé sinnt með markvissum og skilvirkum hætti.

Að náms- og starfsfræðsla verði hluti af stundaskrá nemenda í grunn- og framhaldsskólum og viðeigandi námsefni þróað.

Að náms- og starfsfræðsla fari fram í samstarfi við vinnumarkað, t.d. í formi starfskynninga og í gegnum þá fræðslu og nám sem á sér stað innan fyrirtækja.

Leiðir/Aðgerðir:

- Leikni í stjórnun starfsferils. Náms- og starfsráðgjöf miði að því að styrkja hvern og einn til að nýta leikni sína í þróun starfsferils, við mat á möguleikum til náms og efla virkni einstaklings í ákvarðanatöku um eigin framtíð. Í því sambandi sé ýtt undir skapandi og gagnrýna hugsun og tjáningu og ungt fólk hvatt til að meta kosti sína fyrr.
- Lögboðin þjónusta náms- og starfsráðgjafa. Huga þarf að því hvernig ákvæðum laga verði best framfylgt. Einnig við þróun starfsferils alla ævi, svo sem á háskólastigi og vinnumarkaði. Í lögum er kveðið á um margvíslega þjónustu náms- og starfsráðgjafa á grunn- og framhaldsskólastigi, í tengslum við framhaldsfræðslu sem og atvinnuleit. Tryggja þarf vægi náms- og starfsráðgjafar í daglegu starfi náms- og starfsráðgjafa og jafnframt að sá verkþáttur skerðist ekki á kostnað annars konar ráðgjafar svo sem vegna persónulegra mála nemenda.

- Námssgrein. Náms- og starfsfræðsla verði fléttuð inn í kennslu á yngsta stigi og skilgreind sem námssgrein í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla. Í samvinnu við kennara verði vitund og þekking nemenda eflað um vinnumarkaðinn, viðhorf, áhugi og hæfileikar þannig að þeir fái enn betur notið sín í námi og síðar í starfi og geti tekið upplýstar ákvarðanir um starfsferil sinn.
- Námsefni. Með námsefni á sviði náms- og starfsfræðslu má á skipulagðan hátt styrkja framtíðarsýn nemenda og sjálfmynd. Námsefnið verði liður í því að draga úr brotthvarfi og virkja einstaklinga í þjóðfélaginu.
- Stundaskrá. Náms- og starfsfræðsla verði hluti af stundaskrá grunn- og framhaldsskólanema með það að markmiði að auka leikni, hæfni og þekkingu nemenda á námi og störfum.
- Náms- og starfsfræðsla í atvinnulífinu. Náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla miði að því að efla færni einstaklings til að þróa eigin starfsferil. Fræðslan verði skipulögð með það í huga að ná til sem flestra á vinnumarkaði og verði hluti af atvinnustefnu. Ráðgjöfin miði að því að efla hvern og einn til að öðlast betri þekkingu á sjálfum sér, þeim tækifærum sem í boði eru og virkni einstaklings í ákvarðanatöku um eigin framtíð. Aukin sérþekking og skýrari verkferlar á þessu sviði leiða til betra aðgengis að náms- og starfsfræðslu og auka þar með starfsþróunarfærni einstaklinga.

Ábyrgðaraðilar: mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: Námsgagnastofnun, námsbraut náms- og starfsráðgjafa við Háskóla Íslands, fagfélag náms- og starfsráðgjafa og önnur fagfélög, stéttarfélög, fagrúð stéttarféлага, starfsgreinafélög. Atvinnulífið, skólar, þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar, sveitarfélög, kennarar og foreldrar. Samvinna verði meðal sérfræðinga, t.d. á sviði fjölmenningar, sérkennslufræða, ráðgjafar, símenntunar, fullorðinsfræðslu og félagsþjónustu. Rekstraraðilar, hagsmunasamtök, Samtök atvinnulífsins og stofnanir ríkis og sveitarféлага komi einnig að málum.

5. Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf

Framtíðarsýn um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er sniðin að þörfum einstaklinga, óháð búsetu, og þörfum hópa með sértækar þarfir er mætt. Þjónustan er aðgengileg öllum sem á þurfa að halda í formi upplýsingaveitu um nám og störf auk rafrænnar ráðgjafar. Einstaklingar og hópar eru upplýstir um framboð þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Samspil raunfærnimats ásamt náms- og starfsráðgjöf hefur aukið möguleika einstaklinga á vinnumarkaði.

Markmið:

Að ráðgjöf sé sniðin að ólíkum þörfum einstaklinga.

Að tæknin verði nýtt til að tryggja aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, svo sem með upplýsingaveitu um nám og störf, auk rafrænnar ráðgjafar. Þjónustan verði aðgengileg öllum sem á þurfa að halda.

Að hugað verði sérstaklega að þörfum hópa með sértækar þarfir.

Að hugað verði að samspili raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.

Að tryggt verði aðgengi að þjónustu óháð búsetu.

Að markvisst verði unnið að því að kynna þá þjónustu sem í boði er og hvernig hana megí nálgast.

Leiðir/Aðgerðir:

- Einstaklingurinn í forgrunni. Brýnt er að til staðar sé einstaklingsbundin ráðgjöf um nám og námsmöguleika á öllum skólastigum og á vettvangi ráðgjafar við atvinnuleitendur. Veitt verði ráðgjöf um störf og starfsmöguleika fyrir atvinnulífið í heild sinni sem og hópa með séráherslur. Rannsóknir sýna að náms- og starfsráðgjöf dregur úr brotthvarfi með hvatningu til nýrrar þekkingarleitar². Náms- og starfsráðgjöf getur sömuleiðis verið hvetjandi fyrir einstaklinga á vinnumarkaði og virkjað til þátttöku í þjóðfélaginu. Huga

² ELGPN (2014b).

þarf sérstaklega að þeim hópum sem eru í áhættu vegna brotthvarfs og leiðum til að veita þeim einstaklingum leiðsögn og stuðning.

- Vefur um nám og störf. Rekstur upplýsingaveitu um nám og störf með vefráðgjöf, aðgengi að rafrænu efni og efni til notkunar á vettvangi hefur reynst öflugt verkfæri fyrir einstaklinga. Víða í Evrópu eru reknir upplýsinga- og þjónustuvefir sem veita börnum, foreldrum og öðrum fullorðnum, yfirsýn yfir nám og störf sem í boði eru, auk rafrænnar ráðgjafar. Má þar nefna [skoskan vef](#), [danskan vef](#) og [nýsjálenskan vef](#).

Miðlun upplýsinga á gagnvirkum vef tryggir aðgengi allra að náms- og starfsráðgjöf fagfólks, óháð búsetu, og samræmi í framsetningu eykur notagildið. Frá árinu 2012 hefur verið unnið að upplýsinga- og ráðgjafarvefnum „[Næsta skref](#)“. Áhersla á einstaklinginn eykur líkur á vel ígrunduðu starfs- og námsvali. Mikilvægt er að unnið verði að skilgreiningu verkþátta og að fjármögnun verði tryggð til áframhaldandi þróunar og rekstrar á vefnum.

- Raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Mat á raunfærni ásamt náms- og starfsráðgjöf eykur möguleika fullorðins fólks á vinnumarkaði til að sækja sér nýja menntun og styrkja sig í námi og störfum. Samstarfsvettvangur náms- og starfsráðgjafar getur tengst þróun raunfærnimats sem fram fer á vettvangi framhaldsfræðslu.
- Þjónusta við hópa með sértækar þarfir. Leggja verður mat á þörf fyrir hópa er kunna að hafa sértækar þarfir, svo sem einstaklinga á síðari hluta starfsævi. Í framhaldinu verði unnin aðgerðaáætlun um hvernig efla megí frumkvæði og þjónustu við þessa hópa, þar sem markmið, leiðir og árangursviðmið verði skilgreind.
- Svæðisbundið samstarf. Horfa þarf heildstætt á framboð þjónustu á hverju landsvæði. Náms- og starfsráðgjöf þarf að vera sýnileg á hverjum stað og aðgengi tryggt, t.d. með því að nýta upplýsinga- og samskiptatækni í auknum mæli.
- Kynning á þjónustu. Efla þarf kynningu á gagnsemi náms- og starfsráðgjafar og þeirri þjónustu sem er í boði fyrir ólíka markhópa með það að leiðarljósi að einstaklingar verði upplýstir um þjónustu, aðgengi og hvernig hún nýtist. Huga þarf að því hvaða miðlar séu líklegir til að ná til ólíkra hópa.

Ábyrgðaraðilar: mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: fyrirtæki, atvinnulíf, fagfélög, fulltrúar starfsgreina og menntastofnana, sveitarfélög, auk þess sem haft verði samráð við notendur þjónustunnar.

6. Uppbygging og þróun þjónustunnar

Framtíðarsýn um uppbyggingu og þróun þjónustunnar

Gæðakerfi náms- og starfsráðgjafar er til staðar og eflir árangur og gæði þjónustunnar. Öflugar hagnýtar rannsóknir eru unnar og starfsþróun náms- og starfsráðgjafa er markviss. Þjónustan er veitt á grundvelli mats á þróun á vinnumarkaði, þörfum atvinnulífsins og þarfagreiningar meðal ólíkra hópa.

Markmið:

Að þróað verði gæðakerfi náms- og starfsráðgjafar.

Að unnin verði greining á raunverulegri þörf fyrir ráðgjöf hjá ólíkum hópum.

Að náms- og starfsráðgjafar hafi víðtæka þekkingu á skólakerfinu, námsframboði og fjölbreytni á vinnumarkaði.

Að hagnýtar rannsóknir er tengjast náms- og starfsráðgjöf á Íslandi verði eflidar.

Að tækifæri náms- og starfsráðgjafa til starfsþróunar verði eflid, sem og nám í greininni.

Að reglulega verði unnar greiningar þar sem mat er lagt á þróun á vinnumarkaði og þörfum atvinnulífsins. Við þróun og uppbyggingu þjónustunnar verði hlustað á sjónarmið notenda.

Leiðir/Aðgerðir:

- Gæði þjónustu, mat og þróun gæðakerfis. Náms- og starfsráðgjöf verði veitt á grundvelli gæðakerfis sem hafi stöðugar umbætur að leiðarljósi. Matslistar verði hluti af gæðakerfi og unnið skv. niðurstöðum. Mikilvægt er að allir náms- og starfsráðgjafar tileinki sér gæðakerfið og vinni samkvæmt áherslum þess.
- Þarfagreiningar. Unnar verði þarfagreiningar fyrir ólíka einstaklinga og hópa með það að markmiði að kortleggja raunverulega þörf. Sömuleiðis verði metinn kostnaður við mismunandi þjónustustig þar sem tillit er tekið til marvíslegra þátta, svo sem kostnaðar vegna brotthvarfs.

- Náms- og starfsráðgjafaráætlun (starfsáætlun ráðgjafans). Leggja þarf mat á hvort auka megi skilvirkni og mælanleika með íslenskri náms- og starfsráðgjafaráætlun sem fléttuð er inn í skólastarfið, sbr. Gysbers- & Henderson-módelið.
- Efling rannsókna. Rannsóknir eru mikilvægur grunnur þekkingaruppbyggingar og þekkingarmiðlunar. Þær má hagnýta enn frekar á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Á grunni aukinnar þekkingar í gegnum rannsóknir sem og þverfaglegar rannsóknir má bæta fagmennsku og gæði þjónustu við notendur. Þá geta rannsóknir veitt nauðsynlega innsýn í þarfir hópa með ólíkar þarfir og aukið skilning á t.d. ástæðum brotthvarfs.
- MA-námið. Mikilvægt er að huga stöðugt að leiðum til að hlúa að og styrkja námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands í samræmi við stefnumótun á þessu sviði. Í þessu sambandi þarf að huga sérstaklega að því að styrkja tengingu námsins við samfélagið og vinnumarkað. Veita þarf markvissar upplýsingar, efla tengingar við atvinnulífið, fjölbreytni á vinnumarkaði o.s.frv.
- Starfsumhverfið og markviss starfsþróun. Mikilvægt er að náms- og starfsráðgjafar eigi kost á starfsþróun og endur- og símenntun er taki mið af nýjustu straumum og stefnum í ráðgjöf. Markviss starfsþróun náms- og starfsráðgjafa er hornsteinn í eflingu og þróun á þjónustunni. Efla þarf upplýsingagjöf og dýpka tengingu við atvinnulífið.
- Greiningar á þróun vinnumarkaðar. Greiningar þar sem mat er lagt á þróun á vinnumarkaði og þörfum atvinnulífsins til framtíðar þarf stöðugt að vinna með reglulegum hætti. Markvisst starf náms- og starfsráðgjafa byggir á því að þeir séu á hverjum tíma vel upplýstir um þarfir og þróun atvinnulífsins og hafi aðgang að upplýsingum og rannsóknum um þróun starfa og eftirspurn á vinnumarkaði til framtíðar.
- Hlutfall. Mikilvægt er að allir nemendur hafi aðgang að þjónustu ráðgjafa í sínum skóla. Hugla þarf að viðmiðum um fjölda ráðþega á hvert stöðugildi ráðgjafa á ólíkum skólastigum sem og fyrir atvinnuleitendur er geti orðið forsenda markvissara náms- og starfsvals.

Ábyrgðaraðilar: mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: náms- og starfsráðgjafar, menntakerfið, Vinnumálastofnun, námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, Rannís, Félag náms- og starfsráðgjafa, stéttarfélag, Samtök atvinnulífsins.

7. Samstarf

Framtíðarsýn um samstarf

Náms- og starfsráðgjöf er í stöðugri þróun í gegnum gagnvirkt samtal notenda og veitenda þjónustunnar. Öflug samvinna er milli stjórnáslu, menntastofnana, Vinnumálastofnunar og atvinnulífs. Markmiðum, leiðum og þjónustuviðmiðum um náms- og starfsráðgjöf er lýst í aðgerðaáætlun sem er í stöðugri þróun.

Markmið:

Að tengja notendur þjónustunnar og þá sem að henni standa.

Að tengja stjórnáslu, menntastofnanir, Vinnumálastofnun og atvinnulíf saman í öflugri samvinnu.

Að binda markmið, leiðir og þjónustuviðmið í aðgerðaáætlun.

Að hagsmunaaðilar leggi í sameiningu reglulega mat á framvindu markmiða er tengjast aðgerðaáætlun um náms- og starfsráðgjöf, endurskoði þau og aðlagi að þörfum á hverjum tíma.

Leiðir/Aðgerðir:

- Notendasamráð. Formgera þarf samstarf við ráðþega og aðra notendur, m.a. sem hluta af gæðakerfi. Við þróun þjónustunnar verður að taka mið af þörfum ólíkra hópa fyrir náms- og starfsráðgjöf og því mikilvægt að hlusta á raddir notenda með kerfisbundnum hætti, með samstarfs- og samráðsferlum.
- Samstarf stjórnáslu, menntastofnana, Vinnumálastofnunar og atvinnulífs. Til að koma grundvallarverkefnum á sviði náms- og starfsráðgjafar á fót skiptir mestu að viðhalda og byggja upp öfluga samvinnu milli menntakerfis og atvinnulífs. Afsprengi slíkrar samvinnu gætu verið sameiginleg verkefni á borð við miðstöð náms- og starfsráðgjafar og nýting á vef- og upplýsingatækni til miðlunar upplýsinga um nám og störf.
- Samstarf við kennara og skólastjórnendur. Innan menntakerfisins verði náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við aðra stoðþjónustu eins og kostur er. Samstarf við skólastjórnendur og kennara er lykillinn að því að koma fræðslu og upplýsingum um nám og störf til nemenda.

- Samstarf við foreldra. Mikilvægt er að veita foreldrum stuðning með viðhlítandi upplýsingum og kynningum um möguleika og tækifæri sem fylgja hverjum námsferli á sviði bóknáms, starfsnáms o.s.frv.
- Samstarf við frístunda- og félagsmiðstöðvar. Náms- og starfsráðgjöf verði markvisst sett í samhengi við reynslu og umhverfi einstaklings sem nýtur ráðgjafar. Sem hluti af fjölbreyttri nálgun verði stutt við jákvæðar og uppbyggilegar aðstæður í félagslífi sem geta haft veigamikil áhrif á mat nemenda á kostum í námi og ákvarðanatöku til framtíðar.
- Alþjóðlegt samstarf. Með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er skipulega komið á framfæri reynslu um stefnu og framkvæmd. Úrvinnsla efniviðar úr slíku samstarfi getur stutt við framfarir og eflt gæði. Í þessu sambandi má benda á Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Norrænt samstarfsnet um fullorðinsfræðslu (NVL) og Evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf (ELGPN).
- Aðgerðaáætlun. Unnin verði aðgerðaáætlun um þjónustu við hina ýmsu hópa ráðþega og annarra notenda þar sem skilgreind verði markmið, leiðir og árangursviðmið til framtíðar.
- Þróunarvettvangur. Vinna verður markvisst að reglulegri endurskoðun aðgerðaáætlunar um náms- og starfsráðgjöf og leggja mat á framvindu hennar til að tryggja að þjónusta á hverjum tíma sé í samræmi við þarfir ráðþega og atvinnulífs. Það mætti gera á samstarfs- og þróunarvettvangi sem komið yrði á.

Ábyrgðaraðilar: mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: menntakerfið, fulltrúar atvinnulífsins, erlendir samstarfsaðilar, Vinnumálastofnun, frístunda- og félagsmiðstöðvar, Félag náms- og starfsráðgjafa, og fulltrúar nemenda og foreldra.

Viðaukar



Viðauki I: Fjórar sviðsmyndir á stefnumótunarfundi

Hér á eftir má lesa fjórar sviðsmyndir af stefnumótunarfundi 28. nóvember 2014 á Hótel Sögu:

Sviðsmynd I – Gæði og þróun náms- og starfsráðgjafar.

Á degi náms- og starfsráðgjafar 20. október 2024 lítum við til baka með kollegum okkar. Með samhentum átaki og samvinnu höfum við náð þeim árangri að bæði starfsánægja og mat á starfsaðstæðum hefur batnað sjötta árið í röð í „Könnun á starfsaðstæðum og starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa“.

Náms- og starfsráðgjafar telja, skv. sömu könnun, að þekking og reynsla þeirra skipti máli við þróun náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Jafnframt að fjölbreytt framboð á sí- og endurmenntun hafi styrkt þá í starfi og gert þá betur í stakk búna til að mæta þörfum einstaklinga sem þurfa á náms- og starfsráðgjöf að halda.

Náms- og starfsráðgjafar hafa tekið upp gæðaviðmið og við þróun þjónustunnar er hlustað á raddir notenda með kerfisbundnum hætti. Miðstöð náms- og starfsráðgjafar hefur þróað samstarfs- og samráðsferla sem ásamt gæðakerfi hafa skilað sterku faglegu innihaldi og skilvirkum mati á þörfum ólíkra hópa fyrir náms- og starfsráðgjöf alla ævi.

Sviðsmynd II – Uppbygging náms- og starfsráðgjafar.

Í lok árs 2024 fær „Miðstöð náms- og starfsráðgjafar á Íslandi“ viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hún er veitt fyrir „framúrskarandi árangur á sviði þekkingaruppbyggingar, þekkingarmiðlunar og hagnýtra rannsókna á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi“ eins og segir í umsögn dómnefndar.

Hagnýtt rannsóknar- og þróunarstarf miðstöðvarinnar hefur vakið athygli og leitt til bættrar þjónustu fyrir almenning þar sem hugað er að mismunandi þörfum einstaklinga og hópa. Talið er að öflug náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf hafi haft veruleg áhrif á að markmiðum stjórnvalda um minna brotthvarf og hærra menntunarstig þjóðarinnar var náð. Vefgátt hefur í því sambandi reynst mjög vel þar sem hægt er að nálgast hlutlausar upplýsingar um nám og störf og náms- og starfsráðgjöf hvenær og hvar sem er.

Náms- og starfsfræðsla í samstarfi skóla og atvinnulífs er sinnt með markvissum hætti inni á öllum skólastigum sem og á vefnum. Almennur, skólakerfið og atvinnulífið þekja vel til starfseminnar og vita hvert skal leita. Framkvæmd þess starfs sem unnið er að undir forystu miðstöðvarinnar hefur almennt jákvæða ímynd.

Sviðsmynd III – Gott aðgengi er að náms- og starfsráðgjöf alla ævi.

Fram kom í úttekt Ríkisendurskoðunar að stjórnvöld, almenningur, nemendur, atvinnulífið og aðrir hagsmunaaðilar eru á heildina litið ánægðir með aukin áhrif náms- og starfsráðgjafar á sl. 10 árum. Þar er talið miklu skipta að samstarf „Miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar á Íslandi“ við ólíka hópa skilar sér í markvissri verkaskiptingu, auk þess sem miðlun þekkingar er skilvirk og stuðningur miðstöðvarinnar við samstarfsaðila er viðeigandi.

Bætt aðgengi að náms- og starfsráðgjöf er talið vera lykilatriði. Hlutlausar upplýsingar og fagleg ráðgjöf um nám og störf eru öllum aðgengilegar á vefgátt. Náms- og starfsfræðsla í samstarfi skóla og atvinnulífs er sinnt með markvissum hætti inni á öllum skólastigum sem og á vefnum.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að efling náms- og starfsráðgjafar skilar sér margfalt aftur til samfélagsins. Minna er um brotthvarf en sífellt fleiri fara í gegnum raunfærnimat ásamt því sem fleiri líta á verk- og tækninám sem æskilegt upphaf eða viðbót á starfsferli.

Sviðsmynd IV – Samskipti og samvinna um náms- og starfsráðgjöf.

„Miðstöð náms- og starfsráðgjafar á Íslandi“ og stjórnvöld hafa stig af stigi eftt samskipti og samstarf við hagsmunaaðila, svo sem í menntakerfi, velferðarkerfi, atvinnulífi og skapandi greinum. Með öflugu kynningarstarfi og markaðssetningu hefur tekist að tryggja samhæfingu í vinnubrögðum og skilvirka ráðstöfun þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru.

Grasrótarnálgun miðstöðvarinnar við úrlausn sinna viðfangsefna hefur leitt til þess að erlendir samstarfsaðilar líta í auknum mæli til Íslands á þessu sviði. Bæði á fyrrgreindan samráðsvettvang á landsvísu og samvinnu í einstökum landshlutum.

Stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa skipuleggur nú námsstefnu á Akureyri í desember 2024 þar sem stjórnvöld, atvinnulífið, skólasamfélagið munu ásamt félaginu miðla því hvornig þessum árangri var náð og hvað skipti mestu máli í þeim efnum.

Í lok hverrar sviðsmyndar var spurt fjögurra spurninga:

- Hvernig náðist þessi árangur sem sviðsmyndin lýsir?
- Hverju þurfti að breyta til að gera þennan árangur sýnilegan?
- Þurftum við að breyta því hvernig við vinnum saman til að ná þessum árangri?
- Með hverjum unnum við til að ná þessum árangri?

Viðauki II: Ákvæði í lögum er varða náms- og starfsráðgjafa.

Lög um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009: kveða á um lögverndun á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Þar er einnig m.a. að finna ákvæði um réttindi og skyldur náms- og starfsráðgjafa.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013: veita Barnasáttmála SP lagagildi á Íslandi. Þar er m.a. kveðið á um að náms- og starfsráðgjöf sé aðgengileg öllum börnum, sem og ráðstafanir til að draga úr brotthvarfi.

Fylgiskjal við lögin (Barnasáttmáli SP): 1. mgr. 28. gr. „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: d) Sjá til þess að upplýsingar og **ráðgjöf um nám og starfsval** séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum. e) Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og **draga úr því að nemendur hverfi frá námi.**“

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008: kveða á um að náms- og starfsráðgjöf sé hluti af lögbundinni sérfræðiþjónustu fyrir grunnskólabörn og á það við um alla nemendur frá fyrsta bekk og upp úr.

- a. 3. mgr. 13. gr. Réttur nemenda: „**Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla** af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.“
- b. 2. mgr. 11. gr. Ráðning: „Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða **náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla** fer samkvæmt gildandi lögum þar um.“
- c. 4. mgr. 40. gr. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu: „Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, **námsráðgjöf** og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs.“

Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008: kveða á um að náms- og starfsráðgjöf sé hluti af lögbundinni sérfræðiþjónustu fyrir nemendur í framhaldsskólum. Hver framhaldsskóli setur sér markmið og stefnu um ráðgjöf.

- a. 37. gr. Náms- og starfsráðgjöf: „**Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla** af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. **Í skólanámskrá framhaldsskóla skal markmiðum og stefnu skóla varðandi ráðgjöf lýst** og þar skal einnig koma fram hvernig skóli rækir skyldur sínar og hlutverk á þessu sviði.“
- b. 3. mgr. 8. gr. Starfsfólk framhaldsskóla: „Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða **náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla** fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og laga um náms- og starfsráðgjafa.“

Lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010: kveða á um að náms- og starfsráðgjöf sé hluti af lögbundinni sérfræðiþjónustu fyrir nemendur í framhaldsfræðslu. Jafnframt skal boðið upp á raunfærnimat.

- a. 8. gr. Raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf: „Þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla **eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin**. Matið fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess. **Þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf**. Ráðherra er heimilt að setja reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt grein þessari.“
- b. 2. mgr. 10. gr. Fræðslusjóður, hlutverk: „Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir: [...] **framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,...**“

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006: kveða á um að atvinnuleitendum skuli standa til boða viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þjónusta ráðgjafa Vinnumálastofnunar, sem sér um framkvæmd laganna, skal vera einstaklingsbundin og taka mið af þörfum atvinnuleitanda.

- a. 11. gr. Mat á vinnufærni atvinnuleitanda: „Þegar atvinnuleitandi sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum fer fram **mat á vinnufærni hans hjá ráðgjafa** Vinnumálastofnunar. Atvinnuleitandi skal leggja fram allar þær upplýsingar sem

liggja fyrir um vinnufærni hans **svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi** og gefa honum kost á þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum. [...] **Þjónusta ráðgjafa** Vinnumálastofnunar **skal miðast við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins atvinnuleitanda. ...“**

- b. 12. gr. Skipulag vinnumarkaðsúrræða. „Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða sem skiptast í eftirfarandi flokka: a. einstök námskeið, svo sem námskeið um **gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu og námskeið til að bæta tiltekna færni, b. starfsúrræði, þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning, c. ráðgjöf samhliða námskeiðspáttöku og reynsluráðningu, d. námsúrræði, e. atvinnutengd endurhæfing, og f. atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa. ...“**

Barnaverndarlög, nr. 80/2002: kveða á um að náms- og starfsráðgjafar fylgist, ásamt öðrum fagstéttum, með velferð barna og gera viðvart þegar svo ber undir.

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum: „Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, **náms- og starfsráðgjöfum** og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.“

Lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008: kveða á um að náms- og starfsráðgjöf sé hluti af lögbundinni þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda.

4. gr. Verkefni: „Stofnunin veitir þjónustu vegna hæfingar og endurhæfingar þeirra sem eru blindir eða sjónskertir, að undanskilinni frumgreiningu augnsjúkdóma, frumgreiningu á sjón og læknismeðferð. Verkefni stofnunarinnar eru m.a.: [...] 3. Stuðningur við nám á öllum skólastigum. **b. Námsráðgjöf.** 5. Stuðningur við atvinnuþátttöku. **a. Starfsráðgjöf.**

Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 105/2014: gera ráð fyrir samvinnu milli aðildarríkja EES, m.a. um eflingu starfsráðgjafar, er styðji við markmið fjórfrelsis á innri markaðnum.

Fylgiskjal við lögina (reglugerð ESB): III. kafli. Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa för launafólks og störf þess. 1. þáttur. Ráðgjafarnefndin. 22. gr. Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á: „d) að láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launafólks milli aðildarríkja, um **áætlanir eða ráðstafanir til að efla starfsráðgjöf eða starfsþjálfun sem er líkleg til að auka frjálsa för og atvinnufrelsi**, jafnframt um alla þá aðstoð sem launafólk og fjölskyldur þess eiga kost á, þ.m.t. félagsleg aðstoð og öflun húsnæðis fyrir launafólk.“

Viðauki III: Tilvísanir.

Alþingi. 2002. Barnaverndarlög, nr. 80/2002. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html> Alþingi, Reykjavík.

____ 2008a. Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/alttext/136/s/pdf/0353.pdf> Alþingi, Reykjavík.

____ 2008b. Lög um grunnskóla, nr. 91/2008. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html> Alþingi, Reykjavík.

____ 2008c. Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html> Alþingi, Reykjavík.

____ 2008d. Lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, nr. 160/2008. Á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008160.html> Alþingi, Reykjavík.

____ 2009. Lög um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2009035.html>. Alþingi, Reykjavík.

____ 2010. Lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010027.html> Alþingi, Reykjavík.

____ 2013. Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013. Á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html> Alþingi, Reykjavík.

____ 2014. Lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 105/2014. Á slóðinni:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2014105.html>. Alþingi, Reykjavík.

Danska þingið. 2003. Lög um náms- og starfsráðgjöf (d. Lov om vejledning om valg af uddannelse og erhverv). Á slóðinni:

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=24127> Folketinget, Christiansborg.

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD. 2004a. Skýrsla um starfsráðgjöf og stefnumótun – að brúa bilið. Á slóðinni: <http://www.oecd.org/education/innovation-education/34050171.pdf> OECD.

____ 2004b. Handbók í stefnumótun um stuðning við þróun náms- og starfsferils. Á slóðinni: <http://www.oecd.org/education/innovation-education/34060761.pdf> OECD.

Evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf, ELGPN. 2012a. „Handbók fyrir stefnumótendur á sviði náms- og starfsráðgjafar.“ (e. Lifelong Guidance Policy Development; a European Resource Kit). Á slóðinni:

http://www.elgpn.eu/publications/browse-by-language/english/ELGPN_resource_kit_2011-12_web.pdf Jyväskylä, Finnland.

____ 2012b. „Leikni í stjórnun starfsferils.“ (e. Success factors for Career management skills policy implementation). Á slóðinni: http://www.elgpn.eu/publications/browse-by-language/english/Gravina_and_Lovsin_cms_concept_note_web.pdf/ Jyväskylä, Finnland.

____ 2014a. „Rannsóknir um áhrif náms- og starfsráðgjafar“ (e. The Evidence Base on Lifelong Guidance). Á slóðinni: <http://www.elgpn.eu/publications/browse-by-language/english/elgpn-tools-no-3.-the-evidence-base-on-lifelong-guidance/> Jyväskylä, Finnland.

____ 2014b. „Brotthvarf úr skólum og náms- og starfsráðgjöf“ (e. Early School Leaving and Lifelong Guidance). Á slóðinni: <http://www.elgpn.eu/publications/browse-by-language/english/elgpn-concept-note-no.-6-early-school-leaving-and-lifelong-guidance/> Jyväskylä, Finnland.

____ 2014c. „Orðaskrá fyrir stefnumótendur á sviði náms- og starfsráðgjafar“ (e. Lifelong Guidance Policy Development: Glossary). Á slóðinni: <http://www.elgpn.eu/publications/browse-by-language/english/elgpn-tools-no.-2-llg-glossary/> Jyväskylä, Finnland.

Gysbers og Henderson. 2012. „Developing & Managing Your School Guidance & Counseling Programs“ (5. útg.). American Counseling Association. Alexandría, Bandaríkin.

Norræna ráðherranefndin og Evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu. 2014. „Úttekt á stöðu CMS á Norðurlöndum.“ Samstarf ELGPN/NVL (e. [A Nordic Perspective on Career Competence and Guidance](#)).

Norrænt samstarfsnet um fullorðinsfræðslu, NVL. 2011. „Raddir fullorðinna notenda náms- og starfsráðgjafar á Norðurlöndum.“ Á slóðinni: http://www.nordvux.net/download/6821/voice_of_users.pdf NVL, Norðurlöndin.

Ráð Evrópusambandsins. 2008. *Ályktun ráðs Evrópusambandsins um ævilanga náms- og starfsráðgjöf*. Á slóðinni: http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/educ/104236.pdf Evrópusambandið, Brussel.

Nokkrar hagnýtar slóðir

Danskur vefur, UddannelsesGuiden, með upplýsingum um nám og störf, auk rafrænnar ráðgjafar: <https://www.ug.dk/> Vefur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA: www.frae.is

Evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf, ELGPN: www.elgpn.eu

Meistaraprófsritgerðir nemenda í Háskóla Íslands með efnisorðinu „náms- og starfsráðgjöf“. Sjá á rafrænu gagnasafni Skemmunnar: <http://skemman.is/browse/subject/Náms+og+starfsráðgjöf>

„Nema hvað! Hvar vilt þú vera eftir þrjú til fjögur ár?“ Upplýsingavefur Iðu fræðsluseturs um iðn-, verk- og tæknimenntun á framhaldsskólastigi: <http://nemahvad.is/>

Næsta skref, upplýsingavefur um nám og störf (unninn af FA og SÆNS): <http://www.naestaskref.is/frontend/heim.aspx>

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, SÆNS: http://saens.hi.is/skyrslur_og_gogn

Skoskur vefur, My World of Work, með upplýsingum um nám og störf, auk rafrænnar ráðgjafar: <http://www.myworldofwork.co.uk/about-us>

Stefnan sett – vefur Námsgagnastofnunar um náms- og starfsval: http://www1.nams.is/stefnan_sett/

Nýsjálenskur vefur, Careers New Zealand, með upplýsingum um nám og störf, auk rafrænnar ráðgjafar: <http://www.careers.govt.nz/>

Viðauki IV: Rannsóknir og skýrslur

Skýrslur á sviði náms- og starfsráðgjafar:

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD. 2012. Skýrsla OECD um leiðir til að takast á við brotthvarf í framhaldsskólum á Íslandi (e. Towards a strategy to prevent dropout in Iceland : result of the OECD Iceland workshop preventing dropout in upper secondary schools in Iceland). Á slóðinni: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/09901F6605C1F27C00257D800050F07D/Attachment/toward_strategy_prevent_dropout_iceland.pdf OECD.

____ 2013a. Yfirlitsskýrsla OECD um færni að loknu námi á Íslandi (e. OECD review : skills beyond school : national background report for Iceland). Á slóðinni: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/C4E665D6753CFA5B00257DB0050B2A6/Attachment/oecd_review_iceland_2013.pdf OECD og mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík.

____ 2013b. „Yfirlitsskýrsla OECD um starfsmenntun á Íslandi, 2013.“ Á slóðinni: <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/OECD-Commentary---Icelandic-Translation.pdf> OECD og mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti. 2009. „Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun.“ Á slóðinni: http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/UngtFolkAnAtvinnu_lok2_251109.pdf Félags- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavík.

Forsætisráðuneyti. 2012. „Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi; tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu.“ Á slóðinni: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Menntahopur-tilloguskjal-121112.pdf> Forsætisráðuneyti, Reykjavík.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, FA. 2014. „Færniþörf á vinnumarkaði – horfur til næstu 10 ára.“ Á slóðinni: <http://www.frae.is/media/61669/Lokaskyrsla-um-framtidarfaernithoerf-des-2014.pdf> FA, Reykjavík.

Menntamálaráðuneyti. 2007. *Skýrsla starfshóps um náms- og starfsráðgjöf*. Á slóðinni: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/673CAD821D6A54FF002576F00058DC42/Attachment/skyrsla_nams-starfsradgjof.pdf Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2013a. „Brotthvarf úr framhaldsskólum: Vor 2013.“ Á slóðinni: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/B249B4FD1491ED2700257C22004C69A5/Attachment/brotthv_frsk_2013.pdf Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík.

____ 2013b. „Brotthvarf úr framhaldsskólum: Haust 2013.“ Á slóðinni: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8D1741F0B80D62F000257CC9004C90A8/Attachment/brotthv_frsk_haust_2013.pdf Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík.

____ 2014. „Brotthvarf úr framhaldsskólum: Vor 2014.“ Á slóðinni: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/6349906219501BA900257D6D004AFFB0/Attachment/brotthv_frsk_vor_2014.pdf Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík.

____ 2014b. *Hvítbók um umbætur í menntun*. Á slóðinni: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf Tekið af vefnum 28. febrúar 2015. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík.

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, SÆNS. 2012a. „Upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf – þarfagreining og framkvæmdaáætlun.“ Á slóðinni: http://saens.hi.is/sites/saens.hi.is/files/S%C3%86NS_skyrsla_2012_1.pdf SÆNS, Reykjavík.

____ 2012b. „Rafræn ráðgjöf, möguleikar og markmið – skýrsla um heimsókn Jim Sampson og Raimo Vuorinen til Íslands 24. og 25. september 2012.“ Á slóðinni: http://saens.hi.is/sites/saens.hi.is/files/rafraen_radgjof_moguleikar_og_markmid.pdf SÆNS, Reykjavík.